



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

## Annáll haustannar 2015

Fjölbrautaskóli Vesturlands var settur þriðjudaginn 18. ágúst. Þá fengu nemendur afhentar stundaskrár. Regluleg kennsla hófst svo miðvikudaginn 19. ágúst. Síðasti kennsludagur á önninni var 3. desember. Önninni lýkur þegar skólameistari slítur þessari samkomu og þeir 60 nemendur sem nú ljúka námi hafa verið brautskráðir frá skólanum.

Í upphafi annar var 551 nemandi skráður í skólann. Þetta er svipaður fjöldi og á síðustu haustönn. Fullorðnir nemendur er stór hluti okkar nemenda, 80 nemendur eða um 14% nemenda við skólann stunda svokallað dreifnám, það er nám utan hefðbundins dagvinnutíma. Þessir nemendur stunda nám á sjúkraliðabraut, í húsasmíði og í vélvirkjun. Þess má geta að nýr hópur sjúkraliðanema byrjaði nú í haust. Þessum nemendum kemur til með að fjölga á næstu önn þegar um 30 iðnaðarmenn hefja nám til iðnmeistaraprófs.

Af nemendum skólans eru 60% karlar og 40% konur. Það eru þó fleiri konur en karlar á stúdentsbrautum en karlar eru í meirihluta í iðnnámi og konur í sjúkraliðanámi.

Brottfall var um 4% sem er svipað og á undanförunum önnum. Þótt okkur þyki þetta of mikið er þetta frekar lítið samanborið við aðra framhaldsskóla.

Eftirfarandi breytingar urðu á starfslíði skólans á önninni: Hafliði Páll Guðjónsson lét af störfum aðstoðarskólameistara í september og hefur Dröfn Viðardóttir verið ráðin aðstoðarskólameistari frá 1. janúar næstkomandi. Jónína Halla Víglundsdóttir hefur verið ráðin áfangastjóri tímabundið á vorönn 2016. Margrét Þóra Jónsdóttir er í barneignaleyfi á þessari önn og Gunnar Magnússon er í námsleyfi. Guðmundur Ásgeir Sveinsson, gæslumaður á heimavist hætti störfum í haust og Bára Kolbrún Guðmundsdóttir starfsmaður á kaffistofu kennara lét af störfum í lok nóvember. Kári Haraldsson fjármálastjóri hætti störfum í ágúst þegar Guðrún Lind Gísladóttir kom til baka úr barneignaleyfi. Eru þessum starfsmönnum færðar þakkir fyrir störf þeirra við skólann.

Í apríl á þessu ári voru kosningar nemendafélagsins. Sævar Berg Sigurðsson var þá kosinn formaður nemendafélagsins. Með honum í stjórn verða Finnur Ari Ásgeirsson, Jón Hjörvar Valgarðsson, Linda María Rögnvaldsdóttir, Magðalena Lára Sigurðardóttir í ágúst bættist svo Einar Björn Þorgrímsson fulltrúi nýnema í hópinn.

Meðal nýjunga á þessari haustönn var stofnun íþróttafrekssviðs við skólann. Þeim sem eru á þessu sviði gefst kostur á að stunda íþróttæfingar, í sinni grein, tvisvar í viku milli kl. 8 og 9:30. Auk þess er boðið upp á þrekæfingar einu sinni í viku og bóklega fræðslu einu sinni í viku. Þetta verkefni er unnið í samstarfi við Íþróttabandalag Akraness og Akraneskaupstað.

Skólastarf haustannar hefur verið með hefðbundnum hætti. Við byrjuðum á hefðbundnum nýnemadegi, ferð í Fannahlíð og Langasandssprelli.

Í september fengum við Önnu Láru Steindal til að halda fyrirlestur og ræða við nemendur um málefni flóttamanna.



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

Einnig fengum við starfsmann Samgöngustofu með fyrirlestur fyrir nemendur, um umferðarmenningu.

Í október kom forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, í heimsókn í skólann í tilefni forvarnardags. Skoðaði forsetinn skólann og ræddi við nemendur.

Við tókum þátt í átakinu „Hjólum í skólann“ í september og urðum þar í öðru sæti.

„West Side“ var haldið á önninni en þar hittast nemendur úr framhaldsskólunum á Vesturlandi. West Side byrjaði á íþróttamóti, síðan tók við spurningakeppni og dansleikur um kvöldið. Þess má geta að við unnum mótið í þetta sinn.

Á haustönn 2015 var í annað sinn boðið upp á áfangann „Evrópa menning og mannlíf“. Í þeim áfanga fara nemendur í námsferð til Berlínar ásamt kennara sínum Kristínu Kötterheinrich þýskukennara.

Í nóvember komu komu 20 slóvaskir framhaldsskólanemar í heimsókn til okkar og voru hér í 10 daga. Nemendur FVA tóku á móti þeim. Verkefnið er styrkt af EFTA og slóvönskum stjórnvöldum og er ætlað að auka skilning ungs fólks á mikilvægi sjálfbærni á öllum sviðum samfélagsins.

Ýmislegt fleira gerðist á önninni; haldnir voru dansleikir, kaffihúsakvöld og fleiri samkomur nemenda. Skammhlaup fór fram í nóvember en það er keppni þar sem öllum nemendum skólans er skipt í 8 lið sem keppa innbyrðis. Það voru að venju útskriftarnemar sem voru liðsstjórar og stjórnðu þau sínu fólki af röggsemi. Á næstsíðasta kennsludegi annarinnar var jólaþema þar sem nemendur og kennarar mættu í jólaþeysum, með jólasveinahúfur eða annað sem minnti á jólin.

Þrátt fyrir neikvæða umfjöllun í fjölmiðlum á önninni kjósum við að horfa á jákvæðar fréttir og af þeir er líka nóg. Ein af þeim er samantekt mennta- og menningarmálaráðuneytið um hlutfall nemenda eftir skólum, sem hófu nám í framhaldsskólum 16 ára árið 2007 og hafa útskrifast sex árum síðar. Þar kom Fjölbrautaskóli Vesturlands mjög vel út, við vorum langt á undan sambærilegum skólum og rétt á hælum þeirra skóla sem velja sér inn nemendur. Það segir okkur að nemendur okkar eru bæði ábyrgir og vinnusamir.

Ég óska ykkur sem útskrifist frá skólanum til hamingju með þann áfanga sem þið hafið náð. Þið megið vera stolt af að hafa lokið námi við Fjölbrautaskóla Vesturlands og við sem hér störfum erum stolt af ykkur.

Dröfn Viðarsdóttir